

Nýliðaaefingar GHG

Golfklúbbur Hveragerðis mun bjóða upp á æfingar fyrir nýliða í sumar. Stefnt er að því að halda úti æfingum fyrir nýliðahópinn frá því í fyrra (nýliðahópur 1) en búa einnig til nýjan hóp fyrir þá sem ganga nýjir í klúbbinn þetta sumarið (nýliðahópur 2). Umsjón og þjálfun verður í höndum Ingvars Jónssonar PGA golfkennara líkt og í fyrra.

Nýliðar (34 eða hærra í forgjöf við skráningu í GHG) fá 50% afslátt af árgjaldi á fyrsta ári. Innifalið í árgjaldi nýliða fyrstu tvö árin eru nýliðanámskeið. Aðrir félagsmenn með 34 eða hærra í forgjöf geta sótt um nýliðanámskeið sér að kostnaðarlausu að hámarki í tvö ár.

Skipulag æfinga í sumar:

1. Vika (2. júní): Pútt
2. Vika (9. júní): Vipp
3. Vika (23. júní): Pitch og glompa
4. Vika (30. júní): Full sveifla – járn og trékylfur
5. Vika (7. júlí): Golfreglur og siðareglur (fyrirlestur)
6. Vika (14. júlí): Spil á golfvelli (fjögurra manna texas með klúbbmeðlimum)
7. Vika (21. júlí): Pútt og vipp (test)
8. Vika (28. júní): Pitch og full sveifla
9. Vika (4. ágúst): lokahóf

Æfingatímar:

Nýliðahópur 1 - þriðjudagar 19.00 - 20.00

Nýliðahópur 2 - þriðjudagar 20.00 - 21.00

Skráning með tölvupósti á ingvar@olfus.is eða í síma 899-9820. Við vonumst til að sjá sem flesta á æfingum og vellinum í sumar.